

#### **47. stjórnarfundur haldinn á Egilsstöðum og í Snæfellsstofu þann 1. júní 2011**

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Ármann Ólafsson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritaði fundargerð.

#### **kl. 9 - 10 Fundur með bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs á bæjarskrifstofum á Egilsstöðum:**

##### **1. Stækkun þjóðgarðsins**

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs fór yfir málefni Vatnajökulsþjóðgarðs, afgreiðslu á erindi um stækkun þjóðgarðsins og fleiri álitamál er varða Vatnajökulsþjóðgarð. Miklar umræður sköpuðust um stjórnunar- og verndaráætlun og framtíð garðsins.

#### **kl. 11 - 12 Stjórnarfundur í Snæfellsstofu.**

##### **2. Samþykkt dagskrár**

Kristveig lagði til að dagskrá yrði samþykkt. Engar athugasemdir gerðar.

##### **3. Samþykki fundargerðar 27. apríl 2011**

Framlögð fundargerð samþykkt með áorðnum breytingum.

##### **4. Samráð um samgöngur**

Kristveig fór yfir fund um samgöngur sem haldin var fyrir skemmstu. Sagði hann jákvæðan. Gerði jafnframt grein fyrir skipan samráðshóps og störfum hans fram að þessu. Umræður sköpuðust um samsetningu hópsins. Kom fram að stjórn og svæðisráð taki tillögur frá hópnum fyrir á næstu fundum sínum.

Jafnframt rætt um hugmynd að vöktunarverkefni á varpsvæði gæsa við Snæfell. Kom fram að svæðisráð Austursvæðis og þjóðgarðsvörður hafi fundað með fulltrúa Skotvís.

##### **5. Grímsvatnagos**

Þórður gerindi frá áhrifum yfir góstmann og aðgerðir eftir goslok. Greindi frá að hann hafi setið í aðgerðarstjórn stjórnvalda sem settur var laggirnar í kjölfar gossins. Sagði hann frá viðræðum við Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Vinnumálastofnun og Ferðamálastofnu um aðgerðir eftir gosið. Í þeirri vinnu hafi hann og þjóðgarðsvörður á Vestursvæði komið á framfæri mikilvægi þess að reisa þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri þar sem saman yrðu til húsa gestastofa þjóðgarðs, upplýsingamiðstöð ferðamála og aðrar stofnanir sem styðja við þróun byggðar þar.

Greindi hann frá heimsókn í Skaftafell þar sem hreinsun hafi gengið vel.

Magnús sagði frá vorleiðangri Jökklarannsóknarfélagsins. Rannsóknir þeirra á öskudreifingu sýna að 6 km frá gosstöðvum væri öskulagið 1,7 metrar á þykkt. Sagði hann frá að þar sem lítið öskulag er myndi bráðnun aukast mikið.

Framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörðum falið að meta þörf á aðgerðum og stuðningi á áhrifasvæðum gossins.

Rósa lagði áherslu á að koma því til fjölmiðla að Grímsvatnargosið í Vatnajökli og miðjum þjóðgarði. Þórði og Rósu falið að koma ábendingunni áleiðis til fjölmiðla.

#### **kl. 12:15-13:30 fundur með svæðisráði Austusvæðis í Gunnarsstofu**

Mætt: Skarphéðinn Þórisson, Ruth Magnúsdóttir og Jóhann Þórhallsson.

#### **6. Kynning þjóðgarðsvarðar**

Agnes Brá kynnti fyrirkomulag landvörslu og sumardagskrá. Sagði frá að í samvinnu við sjálfbóðaliða ætti að leggja áherslu á að koma í veg fyrir utanvegaakstur. Greindi Agnes frá ýmissi starfsemi á hálendinu yfir sumarið, s.s. daglegar fræðslugöngur frá Hvannalindum og við Snæfell. Fræðslutímabil á láglandi hefst 20. júní og stendur til 20. ágúst. Starfið er samræmt á starfstöðvum þjóðgarðsins. Þá ræddi hún um mikilvægi merkinga. Málið sé brýnt einkum vegna þess að þjóðgarður er nýtt fyrirbæri á þessum slóðum. Nýverið hafi verið fundað með Vegagerð þar sem farið var yfir verkaskiptingu á milli aðila. Einnig ræddi Agnes um starfsemi í Snæfellsstofu. Taldi hún mikilvægt að auka kynningu á þjóðgarðinum, til dæmis með stuttum auglýsingum í útvarpi og þörf fyrir að koma Snæfellsstofu á kortið. Gerði lóð umhverfis stofuna að umtalsefni. Sagði frá samstarfi aðila í nágrenninu um að kynna svæðið og auka afþreyingu á svæðinu. Sagði hún frá fyrirhuguðu næturhólfi fyrir hesta við Snæfell.

Kristveig ræddi um kynningar- og markaðsmál. Sagði frá að fjármunir í þau mál væru takmarkaðir þetta árið en til framtíðar væri þetta ofarlega á baugi hjá stjórninni.

#### **7. Stækkun þjóðgarðs á Austursvæði**

Kristveig greindi frá fundi með bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs fyrir um morguninn. Sagði að umræður hafi verið jákvæðar.

Björn Ármann sagði frá viðræðum sínum við sveitarstjórnarmenn. Sagði það sitt mat að vilji sé til áframhaldandi viðræðna.

Ruth sagði að skoðanir væru skiptar, hjá sveitarstjórnarmönnum sem og íbúum. Taldi gott að halda málinu opnu.

Skarphéðinn sagði að sjónarmið um framtíðarnýtingu á hálendinu væru talsvert ólíkar. Umræðan væri þörf. Sagði það sína skoðun að banna ætti akstur sexhjóla utan vega í þjóðgarðinum.

#### **8. Fyrirkomulag veiða á Austursvæði/Stjórnunar- og verndaráætlun**

Rætt um þá umræðu sem hefur átt sér stað um takmarkanir á skotveiðum. Skarphéðinn fór yfir rök fyrir takmörkunum og greindi frá skýrslu sem er í vinnslu um heiðagæsir á svæðinu. Einnig gerð grein fyrir fundi svæðisráðs með formanni Skotvís.

Kristveig gerði grein fyrir samtölum við fulltrúa Skotvís.

Agnes sagði frá samráðsfundum um skotveiðar á vegum Umhverfisstofnunar. Sagði hún frá að rætt hafi verið um þörf fyrir aukna fræðslu fyrir skotveiðimenn.

Björn Ármann sagðist leggja það til að fá fulltrúa veiðistjórnunarsviðs UST til fundar við svæðisráðið innan skamms ásamt fulltúum skotveiðimanna.

#### **kl. 14:00-17:30 frh. stjórnarfundar**

## 9. Stefnumörkun um innri starfsemi

Lögð fram drög að skipulagi garðsins dags. 30. maí 2011. Tillagan gerir ráð fyrir fimm sviðum, náttúrutúlkunar- og fræðslusviði, útivistar- og byggðaþróunarsviði, náttúru- og menningarminjasviði, skipulags- og landnotkunarviði og stjórnsýslu- og rekstrarsviði. Stjórn felur formanni, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörðum að útfæra myndina nánar í samræmi við framkomnar ábendingar. Stjórn er sammála um að starfstöðvar garðsins í framtíðinni verði á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og skrifstofa í Reykjavík flytjist þaðan eigi síðar en segir í bókun 4. fundar stjórnar þjóðgarðsins frá 7. desember 2007 þar sem segir „að staðsetning framkvæmdastjóra yrði endurskoðuð um sama leyti og endurskoða á stjórnfyrikomulag fyrir Vatnajökulspjóðgarð eins og bráðarbirgðarákvæði í lögum um Vatnajökulspjóðgarð gera ráð fyrir.“

Samþykkt að útbúið verði efni til að fara með fyrir ráðherra og þingmenn um áætlanir garðsins nú í sumar. Stjórn leggur áherslu á að stefnt sé að gestastofur verði opnar allt árið.

## 10. Laga- og reglugerðarbreytingar

Rætt um álitamál í lögum og reglugerð er varða garðinn. Stjórn samþykkir að vísa ábendingum um nauðsynlegar breytingar til umhverfisráðuneytisins og að því verði fylgt eftir ekki síðar en í september nk.

## 11. Samstarf Vina Vatnajökuls og Vatnajökulspjóðgarðs

Kristveig og Þórður upplýstu um samstarfsverkefni þjóðgarðs og Vinanna.

## 12. Önnur mál

- Kristveig spurði um nýju svæðisráðin. Böðvar, Björn Ármann, Elín Heiða og Hjalti upplýstu um skipan þeirra. Stjórn býður ný svæðisráð velkomin til starfa og vill færa þakklæti til fráfarandi svæðisráða. Rætt um hvort nauðsyn sé að skipaðir verði varamenn í svæðisráði. Stjórn er sammála um að æskilegt sé að skipan varamanna verði tekinn til skoðunar við endurskoðun laganna.
- Rósa lagði til að stjórn færi í ferð um ákveðinn svæði þjóðgarðsins. Stefnt að ferð í haust.
- Framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði Nordursvæðis falið að ganga frá samningi við kvikmyndaframleiðendur sem óskað hafa eftir að taka upp hluta af mynd við Dettifoss.

## 13. Næsti stjórnarfundur

Stefnt að næsta fundi í lok ágúst.

Fundi slitið klukkan 17:10